

Ed.

551. Nefndarálit

[222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og leggur minni hl. hennar til að frv. verði fellt.

Nefndin leitaði álits Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og Fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og mættu fulltrúar þessara samtaka á fundum nefndarinnar. Einnig komu til viðræðu við nefndina fiskimálastjóri, Þorsteinn Gíslason, og Þórarinn Árnason framkvæmdastjóri Aflatryggingasjóðs.

Nefndinni bárust samþykktir frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands þar sem frumvarpinu var mótmælt.

Í samþykkt Sjómannasambands Íslands segir m. a.:

„Fundurinn minnir á að upphaflegt markmið sjóðsins var eingöngu að tryggja sjómönnum laun sín ef um verulegan aflabrest væri að ræða eða ef útgerð brygðist fjárhagslegri skuldbindingu sinni gagnvart sjómönnum. Enn í dag er eitt meginverkefni sjóðsins hið sama og í upphafi.

Með frumvarpi þessu, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ætlunin að bótagreiðslur Aflatryggingasjóðs gangi til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa sem hefur allt öðru hlutverki að gegna en að tryggja sjómönnum laun sín.

Þessum breytingum mótmælir fundurinn harðlega og krefst þess að hlutverk Aflatryggingasjóðs verði óbreytt.

Fundurinn skorar á alþingismenn að fella þetta frumvarp og minnir á í því sambandi að vegna stjórnvaldsáðgerða í sjávarútvegs málum þurfa sjómenn enn frekar en áður á núgildandi lögum Aflatryggingasjóðs að halda.“

Í samþykkt Farmanna- og fiskimannasambandsins segir m. a.:

„Nái frumvarp það, sem nú er til umræðu, fram að ganga sýnir það glögglega enn eina fjármagnstilfærsluna frá sjómönnum til útgerðar ofan á allt annað sem sjómenn hafa orðið að þola. Þrátt fyrir að fyrirhugað sé að ráðstafa til áhafnadeildar sjóðsins fjármunum sem ætlað er að auka greiðslur upp í fæðiskostnað sjómanna, þá munu þær upphæðir ekki gera meira en svo að elta uppi það sem fæðisgreiðslurnar hafa dregist aftur úr raunhækkunum á matvöru. Fæðisgreiðslur úr áhafnadeild sjóðsins hafa ekki fylgt þeim verðhækkunum sem orðið hafa á matvælum þrátt fyrir kröfur fulltrúa sjómanna í sjóðsstjórn þar um. Sjómenn hafa því orðið að greiða sjálfir stóran hluta af eigin fæðiskostnaði, mun stærri en upphaflegur tilgangur áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs gerði ráð fyrir.

Þannig gerir fé það, sem ráðstafa á til áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs, **ekki** að greiða „úr fjárhagsörðugleikum sjómanna sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa er hætt vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árunu 1984“. (Frv. bls. 2.)

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands sendi eftirfarandi mótmæli gegn frumvarpinu:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um að Aflatryggingasjóður verði gerður upptækur og færður í hlutfalli við aflaverðmæti til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa. Með þessu er gengið þvert á grundvallartilgang Aflatryggingasjóðs, mest fært til þeirra sem mest afla, atvinnu víða stefnt í hættu svo og kauptryggingu sjómanna.“

Eftirfarandi mótmæli bárust í símskeyti frá skipshöfnum á fjölda fiskiskipa:

„Skipshafnir eftirfarandi skipa mótmæla harðlega þeirri breytingu á 27. grein laga nr. 51 frá 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í breytingartillögunni er lagt til að almenna deild Aflatryggingasjóðs, sem á undanförunum árum hefur tryggt sjómönnum lágmarkskaup, verði á þessu ári notuð til að greiða fjármagnskostnað útgerðar og að í stað 10% greiðslu í stofnfjár sjóð verði nú 14% tekin fram hjá skiptum til útgerðar. Ef hið háa Alþingi samþykkir þessa lagabreytingu um að 4% verði tekin fram hjá skiptum, þá er búið að lögfesta að tekið verði 41% fram hjá hlutaskiptum á þessu ári.

Sú endurskoðun og uppskipti á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem gerð var 1976 í samráði við sjómenn, leiddi af sér 6% lækkun á hlutaskiptum, gegn því að sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði afnumið í áföngum sem þó var aldrei framkvæmt eins og samið var um 1976. Við viljum því vara Alþingi við að samþykkja þessa lagabreytingu án þess að þessir fjármunir komi til skipta, með því er hið háa Alþingi að efna til ófriðar við sjómenn og ekki að setja réttlát lög, sem er þó hlutverk Alþingis Íslendinga.“

Sú breyting, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gerð verði á lögum um Aflatryggingasjóð, er ákvæði til bráðabirgða, á þann veg að árið 1984 verði greiddar sérstakar bætur úr hinni almennu deild sjóðsins er nemi 4% af öllu verðmæti afla miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Bætur þessar skuli greiða Stofnfjár sjóði fiskiskipa inn á reikning hvers skips og komi þessar bætur ekki til hlutaskipta.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar leggur til að frumvarpið verði fellt, en mun þó flytja breytingartillögu á sérstöku þingskjali um það að bætur þær, sem greiða á í Stofnfjár sjóð fiskiskipa samkv. frumvarpinu ef að lögum verður, komi til hlutaskipta svo sem annar afli viðkomandi skips.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Kolbrún Jónsdóttir,
fundaskr.

Skúli Alexandersson,
frsm.

Karl Steinar Guðnason.